FRAMHALDSSKÓLINN
Í AUSTUR-SKAFTAFELLSSÝSLU

Áfangalýsing FAS

Titill	Stærðfræði með áherslu á tölfræði, almenn brot og tugabrot
Námsgrein:	stærðfræði
Viðfangsefni:	Tölfræði, almenn brot og tugabrot
Skammstöfun:	STÆR1TB03
Þrep:	1
Einingafjöldi:	3
Lýsing:	Áfanginn leggur áherslu á að nemendur læri tölfræði m.a. líkindareikning, meðaltal og miðgildi. Einnig fá nemendur þjálfun í að lesa úr ýmsum tegundum rita, svo sem súluritum og stöplaritum. Farið verður yfir það hvernig slík rit birtast m.a. í fjölmiðlum og hvernig þau nýtast okkur í daglegu lífi til að fá yfirsýn yfir mikið magn upplýsinga. Að auki verður unnið að því að byggja áfram ofan á þekkingu nemenda á almennum brotum og tugabrotum.
Forkröfur:	Engar
Þekkingarviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á: • líkindareikningi • meðaltali og miðgildi • meðferð hjálpartækja (síma, tölvu, vasareiknis) • að finna mismunandi aðferðir og lausnir út frá gefnum upplýsingum • almennum brotum og tugabrot
Leikniviðmið:	Nemandi skal hafa öðlast leikni í að: • nota algeng stærðfræðitákn • vinna með tölur á fjölbreyttan hátt • beita grunn reikniaðgerðum (samlagningu, frádrætti, margföldun og deilingu) • nota hjálpartæki (síma, tölvu, vasareikni,forrit) • beita viðeigandi aðgerðum og nota þær á réttan hátt.
Hæfniviðmið:	Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að: • finna mismunandi aðferðir og lausnir út frá gefnum upplýsingum • setja fram tölulegar upplýsingar og skrá lausnir sínar á skipulagðan hátt • beita skipulögðum aðferðum við lausn verkefna sem tengjast námsefninu • temja sér gagnrýna en um leið skapandi hugsun • tileinka sér sjálfstæð vinnubrögð • nýta þau hjálpartæki sem bjóðast við stærðfræði daglegs lífs.
Námsmat	Námsmat er útfært í kennsluáætlun í samræmi við skólanámskrá.